



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Kópavogur, 12. maí 2023

Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um útlendinga (dvalarleyfi)

Útlendingastofnun barst umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um útlendinga (dvalarleyfi) hinn 27. apríl sl. Það skal tekið fram að við samningu frumvarpsins var haft samráð við stofnunina og tekið mið af ýmsum athugasemdum hennar. Þrátt fyrir það telur Útlendingastofnun rétt að koma að eftirfarandi ábendingum.

Athugasemdir við einstök ákvæði

Í 3. gr. frumvarpsins er vísað til þess að gjald fyrir endurútgáfu dvalarleyfisskírteinis sé sett í reglugerð. Útlendingastofnun vill benda á að nú þegar er ákvæði um gjald fyrir endurútgáfu dvalarleyfisskírteinis í 36. tölul. 14. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 sem mun væntanlega gilda framar ákvæðum reglugerðar um útlendinga.

Í 5. gr. frumvarpsins eru lagðar til smávægilega breytingar á 2. og 5. mgr. 57. gr. laganna. Í stað þess að fella brott nokkur orð í 2. mgr. leggur stofnunin til að málsgreinin verði felld brott í heild sinni og stuðst við ákvæði 3. mgr. sömu greinar. Að mati stofnunarinnar væri það sanngjarnari og einfaldari framkvæmd.

Í a-lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er lagt til að dvalarleyfi vegna sérfræðiþekkingar geti gilt í allt að fjögur ár í stað tveggja og að heimilt sé að endurnýja dvalarleyfið í allt að fjögur ár í senn í stað tveggja. Stofnunin fagnar þessari breytingu og tekur undir það sem fram kemur í athugasemdum við greinina þess efnis að endurnýjanir séu veittar í lang flestum tilfellum og því megi gera ráð fyrir að breytingin leiði af sér bæði tíma og vinnusparnað hjá stjórnvöldum og umsækjendum. Stofnunin telur þó eðlilegt að gildistími dvalarleyfa aðstandenda lengist til samræmis og leggur til að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á ákvæðum VIII. kafla laganna svo gildistími aðstandendaleyfa samræmist þeim fjölskyldumeðlim sem umsókn byggist á.

Í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt verði að endurnýja dvalarleyfi útlendings sem lokið hefur háskólanámi hér á landi í allt að þrjú ár í stað sex mánaða nú. Stofnunin telur ástæðu til að hér verði skilgreint nánar hvers konar háskólanám einstaklingur þarf að ljúka til að eiga þessi réttindi, hvort gerð sé krafa um að viðkomandi hafi lokið fullu grunn- eða framhaldsnámi eða hvort miða beri við einhvern tiltekinn lágmarks ECTS einingafjölda við matið.

Í 11. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á dvalarleyfum vegna vistráðningar. Er þar mælt fyrir um heimild til endurnýjunar og sérstakan eftirlitsaðila sem Útlendingastofnun er heimilt að fela eftirlit með vistráðningum. Útlendingastofnun vísar til fyrri athugasemda um tillögur til breytinga á dvalarleyfi á grundvelli vistráðninga og heimild til endurnýjunar á þeim dvalarleyfum þar sem fram koma áhyggjur stofnunarinnar af aðstöðumun hins vistráðna og vistforeldra og hættu á misnotkun þeirra sem eru ráðnir vistráðningu. Stofnunin telur að eftirlit með vistráðningum sé til hagsbóta fyrir hinn vistráðna, geti dregið úr líkum á ófullnægjandi aðstöðum og sé einnig til þess fallið að einstaklingar láti vita af óeðlilegum aðstöðum. Í 6. kafla almennra athugasemda við frumvarpið segir um mat á áhrifum að ekki sé gert ráð fyrir að breytingarnar hafi í för með sér útgjaldabreytingar fyrir ríkissjóð sem nokkru nemi. Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að nauðsynlegt fjármagn sé tryggt svo það eftirlit sem lagt er



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

til í d-lið 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins nái markmiðum sínum. Í því samhengi er vert að nefna að umfang verkefnisins er talsvert þar sem um og yfir 100 leyfi hafi verið veitt árlega síðustu ár.

Auk þessa eftirlits telur stofnunin að bæta mætti réttarstöðu hinna vistráðnu með því að skilgreina nánar hvað teljist til eðlilegra starfa í vistráðningu, s.s. hvað teljist til léttra heimilisstarfa.

Í a-lið 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 1. másl. 1. mgr. 69. gr. laganna. Vakin er athygli á því að með því að bæta 65. gr. í upptalningu 1. másl. verður 3. másl. ákvæðisins óþarfur og ætti í réttu að fella brott.

Af lestri athugasemda við 12. gr. frumvarpsins má draga þá ályktun að markmiðið með því að bæta 65. gr. í upptalningu 1. másl. 1. mgr. 69. gr. væri sú að allir námsmenn ættu rétt á fjölskyldusameiningu. Því telur stofnunin ástæðu til að vekja athygli á því að sú breyting sem lögð er til felur í sér að allir námsmenn geti ekki aðeins fengið til sín maka, sambúðarmaka og börn þeirra heldur einnig foreldra sína.

F.h. Útlendingastofnunar
Vera Dögg Guðmundsdóttir